

HEITT VATN BRENNIR SEM ELDUR



Heitir vökvar, t.d. kaffi, te eða
sjóðandi vatn eru algengustu orsakir
bruna hjá litlum börnum.

Bara einn kaffibolli....

Mamma, pabbi og Pétur sitja saman fyrir framan sjónvarpið. Á dúkuðu borðinu eru kökur, kaffi og ávaxtasafi. María sem er 11 mánaða gömul og nýfarin að ganga stefnir í áttina að borðinu. Hún kippir í dúkinn þegar hún kemur að borðinu.

Kaffibollinn veltur um koll og heitt kaffi slettist um kinnar, háls og bringu Maríu.

Grátur. Öskur. Ringulreið?

María grætur hástöfum! Þetta er hræðilega sárt!

Hvað gerðist eiginlega?

Jú, það sem gerðist er algeng orsök bruna hjá litlum börnum. Afleiðingin er brunasár á andliti, hálsi og bringu.

Hvernig fór fyrir Maríu?



María var lögð inn á sjúkrahús og þar lá hún í viku. Foreldrar Maríu skiptust á að vera hjá henni. Sárin greru á tveim vikum en María verður með ör eftir sárin það sem eftir er ævinnar.

Í þessum bæklingi er farið yfir eftirfarandi efni:

Brunaslys íslenskra barna	bls. 4
Brunaslys tengd aldri barna	bls. 6
Eldsvoði – hvað er til ráða	bls. 8
Viðbrögð við brunaslysi	bls. 10
Varnir gegn brunaslysum	bls. 14




Brunaslys íslenskra barna


Á hverju ári kemur fjöldi barna á slysamóttöku og heilsugæslustöðvar víðs vegar um landið eftir að hafa hlotið brunasár.

Stór hluti þessara barna þarf að dvelja á sjúkrahúsum á meðan sárin gróa. Börnin líða miklar kvalir sem fylgja brunasárum og sum þeirra þurfa að fara í aðgerðir. Þetta getur oft skapað ýmis vandamál fyrir barnið og fjölskyldu þess, t.d. verður tímabundinn aðskilnaður vegna sjúkrahúslegu. Alvarlegustu brunaslysini eru meðhöndluð á Landspítalanum í Reykjavík. Það getur tekið marga mánuði fyrir stór brunasár að gróa og iðulega þarf húðflutninga til. Oft tekur það nokkur ár fyrir barn að ná sér að fullu. Hætta er á sýkingu í brunasár og getur sýking tafið verulega fyrir því að sárin grói. Ekki má gleyma því að langvarandi dvöl á sjúkrahúsi getur haft ýmis andleg vandamál í för með sér fyrir barn.

Brunavöldum skipt í þrjú alurstímabil



Brunavaldar



Hitastig vökva yfir 65°C veldur alltaf bruna

Dýpt brunasáranna verður meiri því hærra sem hitastigið er og því lengur sem heitur vökvinn er í snertingu við húðina.



Því útbreiddari sem bruninn er því alvarlegri er hann. Talað er um stíg brunasára, eftir því hversu djúpt þau eru. Fyrsta og annars stigs brunasár gróa yfirleitt á 2-3 vikum. Komist sýking í sárið þarf það mun lengri tíma til að gróa. Þriðja stigs bruni er alltaf alvarlegur og þá er mun meiri hættu á sýkingu. Þessi brunasár þarfnast alltaf meðferðar á sjúkrahúsi sé bruninn útbreiddur. Í flestum tilfellum getur þurft að flytja húð frá öðrum stað á líkamanum til að græða brunasárið.



Húð barna er mun viðkvæmari en húð fullorðinna

Slyshætta er mismundandi eftir aldri barna

0-2 ára



Algengasta orsök bruna hjá 0-2 ára börnum er að heitur vökvi, t.d. hitaveituvatn eða heitur grautur hellist yfir þau.

3-6 ára



Hjá 3-6 ára börnum er ástæðan oft sú að þau fíka með eldspýtur, leika sér of nálægt grilli, brennast í baði eða í sturtu.

Á skólaaldri



Meðal skólabarna eru slys er tengjast áramótum algeng. Margs konar flugeldar og blys geta valdið brunasárum þegar þau springa í höndum barna. Árlega slasast að minnsta kosti eitt barn vegna heimatilbúinna sprengja.




Sprengjurnar springa í höndum barnanna og geta valdið miklum skaða t.d. fingurmissi, bruna í andliti og á handleggjum. Börn á þessum aldri eru gjörn á að fíkta með eld og kveikja þá gjarnan í rusli eða sinu.

Eldsvoði

Bjarga öllum út

Hrætt barn bregst við með því að skríða í felur – inn í klæðaskáp eða undir rúm.



Hringja

Hringdu í neyðarnúmer **112**. Gefðu upplýsingar um hvar eldsvoðinn er, hversu útbreiddur hann er og hvort einhver sé í hættu.



Slökkva

Ef þú reynir að slökkva eldinn vertu þá niður við gólfið þar sem reykurinn er minnstur. Reykurinn er hættuleg lofttegund.

Föt sem brenna

Slökkvið með vatni
eða kæfið eldinn.
Forðist fatnað úr eldfimum efnum.

Eldur í potti


Kæfið eldinn með því að leggja
lokið yfir og slökkva á eldavélinni.
Hellið aldrei vatni á heita feiti
sem kviknað er í



Rafmagnsbruni

Rjúfið strauminn – t.d. með
því að taka klóna eða öryggi
úr sambandi.

Vertu viðbúinn því að eldur geti komið upp



Reybskynjarar hafa bjargað mannlífum

Svona átt þú að bregðast við brunaslysum

Við minniháttar bruna:

- Fjarlægið brunavaldinn – hefjið kælingu strax
- Kælið í 15 – 20 mínútur þar til sviðinn er horfinn. Æskilegt er að hitastig vatnsins sé 15°C – 20



- Kælið undir rennandi vatni eða hafið líkamshlutann sem brenndur er ofan í íláti og bætið köldu vatni út í við og við.
- Skoðið vandlega hversu útbreiddur bruninn er og kælið allt brennda svæðið.
- Fyrstu 10 mínúturnar í kælingu eru mikilvægastar

- Ef einungis er um að ræða 1. stigs bruna á litlu svæði (roði) er ekki ástæða til að leita læknis.
- Ef um er að ræða 2. stigs bruna, blöðrur á húð, er best að fara með barnið á slysamóttöku/heilsugæslustöð. Brunasár eru vandmeðfarin og sýkingarhætta fyrir hendi, því er æskilegt að láta fagfólk búa um sárin.
- Rafmagnsbrunar geta verið dýpri en þeir líta út fyrir að vera. Ávallt ætti að leita til slysamóttöku/heilsugæslustöðvar vegna bruna af völdum rafmagns.
- Alltaf er nauðsynlegt að leita til læknis ef barn brennist á eftirfarandi stöðum:
 - í andliti
 - á hálsi
 - á liðamótum
 - á eða við kynfæri

eða ef brunasár nær allan hringinn á útlím.

- Við stærri bruna er ráðlegt að hringja á sjúkrabíl. Neyðarnúmer er **112**

Til þess að róa barnið er gott að það hafi snuð, pela eða einhvern annan hlut sem það heldur upp á.

Stærri brunar

- Hafi barnið brennst á stórum hluta líkamans er mikilvægt að stöðva brunann með kælingu og færa það varlega úr fötunum.
- Komið barninu vel fyrir, leggið hrein blaut stykki, handklæði yfir brunasárin. Gott er að væta stykkinn af og til svo þau haldist blaut.
- Mikilvægt er að barninu kólni ekki, þess vegna þarf að halda hita á líkamanum þar sem hann er ekki brenndur. Forðist að opna glugga.
- Flytja þarf barnið því næst á slysamóttöku eða heilsugæslustöð.
- Munið að halda kælingu áfram á leiðinni til læknis. Ef leiðin er löng þarf að gæta þess að barninu verði ekki of kalt.

Komið í veg fyrir brunaslys

Hitaveituvatn

Stillið hitastig vatnsins með stillanlegum blöndunartækjum. 50°C er nægilegur hiti á vatni til heimilisnota.



Drekktu ekki heita drykki með barnið í fanginu. Forðist að nota borðdúka sem barn getur togað í.



Hreingernigarfötur með sjóðandi vatni geta verið hættulegar.




Kannaðu alltaf hitastig baðvatnsins áður en þú lætur barnið ofan í vatnið.

Í eldhúsinu


Í örbylgjuofninum hitnar matur og drykkur á mjög skömmum tíma. Á einni mínútu getur drykkur hitnað í 70°C.

Munið að snúa pottsköftum þannig að barnið nái ekki í þau. Barn getur brennst illa á heitu straujárni þó það hafi verið tekið úr sambandi. Munið að láta snúruna ekki hanga niður á gólf.



Kertaljós og eldur

Eldur er spennandi í augum barna – munið að láta ekki eldspýtur og kveikjara liggja á glámbekk. Skiljið ekki logandi kerti eftir í barnaherbergjum.




Bálkestir og grill

Látið börn aldrei vera ein við bálkesti. Grill eru hættuleg börnum því þau geta auðveldlega oltið, einnig eru þau sjóðandi heit viðkomu. Munið að hitinn er í lengi í kolunum. Ef grillað er í holu munið að bygja hana eftir notkun því hætta er á að stigið sé ofan í holuna.




Útbúnaður sem eykur öryggi barna


Notið öryggisgrind á eldavélina.
Setjið öryggishlíf fyrir gler á gömlum bakarofnum.



Hlífar fyrir rafmagnsöfna draga úr brunahættu.




Öryggisbúnaður í innstungur dregur úr hættu á rafmagnsbruna.



Hvernig er frágangur á rafmagns-
snúrum á þínu heimili?

Lekastraumsrofi getur komið í veg
fyrir rafmagnsslys.



Er lekastraumsrofinn á þínu
heimili í lagi?

Af hverju eru brunasár á barni alvarlegri en á fullorðnum?

Af hverju á ekki að sprengja brunablöðrur?

Hver er hættan við að nota ískalt vatn við kælingu á brunasárum.

Í litlum bæklingi sem þessum er ekki hægt að svara öllum spurningum um bruna.

Rauði kross Íslands heldur námskeið í skyndihjálp. Einnig er í boði námskeið um slys á börnum – forvarnir - skyndihjálp, þar sem farið er yfir algeng slys og hvernig á að bregðast við þeim.

Hafið samband við næstu deild Rauða kross Íslands og fáðu upplýsingar um hvenær næsta námskeið verður haldið.



***Þakkir fá eftirtaldir er unnu að rannsókn á
brunaslysum íslenskra barna 1982-1995:***

Ragnheiður Elísdóttir, læknir
Pétur Lúðvígsson, barnalæknir
Herdís Storgaard, hjúkrunarfræðingur
Ásgeir Haraldsson, forstöðulæknir Barnaspítala Hringins
Ólafur Einarsson, lytalæknir
Sigurður Þorgrímsson, barnalæknir
Þakkir fyrir yfirlestur og ábendingar
Lovísa Baldursdóttir, hjúkrunarfræðingur
Guðmundur M. Stefánsson, lytalæknir
Hólmfríður Gísladóttir, Rauða krossi Íslands
Ingibjörg Ásgeirsdóttir, hjúkrunarfræðingur

Útgefið af sænska Rauða krossinum /Barnmiljöradet
Bohuslandstinget /Niljö- och Halsoskydd, Göteborg

Útgefandi á Íslandi: Rauði kross Íslands

Texti: Marie-Louise Löfvberg Och Britt-Marie Scander
Þýtt og staðfært: Herdís Storgaard, Svanhildur Þengilsdóttir.

Myndir og útlit: Eva Zacke-Modin

 **Rauði kross Íslands**

